



Reykjavík, 28. febrúar 2024

USK24020058

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gatnamót Víkurvegjar, Þúsaldar og Reynisvatnsvegjar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. febrúar 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Lagt er til að gripið verði til aðgerða í því skyni að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð við gatnamót Víkurvegjar, Þúsaldar og Reynisvatnsvegjar. Meðal annars verði skoðað hvort tvöfalt hringtorg á þessum gatnamótum geti aukið umferðaröryggi og bætt umferðarflæði. Einnig verði skoðað hvort unnt sé að breikka Víkurveg yfir Vesturlandsveg til að ná þessum markmiðum.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 14. febrúar 2024.

Umsögn:

Mislæg gatnamót Víkurvegjar við Vesturlandsveg er í umsjón og rekstri Vegagerðarinnar og er tenging borgarinnar við þjóðvegakerfið. Allar aðgerðir á slíkum tengingum eru því samstarfsverkefni borgarinnar og Vegagerðarinnar.

Forhönnun gatnamóta Vesturlandsvegjar og Víkurvegjar gerir ráð fyrir rampa frá Vesturlandsvegi að Víkurvegi við hlið núverandi húsnæðis Húsasmiðjunnar. Slíkur rampi myndi létta á núverandi tengingu og greiða fyrir umferð að einhverju leyti. Við gerð gatnamótanna fyrir meira en 20 árum var ákveðið að gera ekki alla rampa strax en horft til þess að þeir gætu komið síðar ef þörf væri á. Vegagerðin hefur, í samvinnu við Reykjavíkurborg, verið með til skoðunar að gera þessa tengingu og mismunandi útfærslur á gatnamótum Víkurvegjar og Þúsaldar í tengslum við það en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort eða hvenær væri farið í þá aðgerð.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri



Reykjavík